



## Fundur í Landbúnaðarnefnd

**14. fundur Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri Þórshöfn, miðvikudaginn 14. september 2016 og hófst kl 20:00.**

**Mætt voru:** Sverrir Möller, Maríus Halldórsson, Sigríður Ósk Indriðadóttir og Steinunn Anna Halldórsdóttir. Formaður ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

### **1. Hlutfjárukning í Fjallalambi – erindi frá sveitarstjórn Langanesbyggðar**

Landbúnaðarnefnd er sammála um að Fjallalamb er og verður að vera ein að grunnstoðum samfélagsins því er afar mikilvægt að halda fyrirtækinu gangandi hvernig sem að því er farið.

Í fyrirtækinu starfa á ársgrundvelli 27 starfsmenn yrði það því mikill skaði fyrir samfélagið ef störf þessu hyrfu úr héraði. Ásamt þeim margvíslegu áhrifum sem það hefði á bændur og bændasamfélagið allt. Að þessu gefnu leggur Landbúnaðarnefnd til að Langanesbyggð nýti sinn forkaupsrétt í Fjallalambi.

### **2. Önnur mál**

Rætt um kaup á efni í aðhöld og réttir ásamt framkvæmdum því tengdu.

Einnig rætt um fjallskil og gangnamál

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 21:00